

## **16. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

### **I. KAFLI**

#### **Orðaskýringar og almenn ákvæði.**

##### **1. gr.**

Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenskri höfn.

„Sóttgæzluskirteini“ merkir skirteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega tilgreind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest (pestis), austurlenzka kóleru, (cholera asiatica), bólusótt (variola), dílasótt (typhus exanthematicus), blóðkreppusótt (dysenteria tropica) og gula hitasótt (febris flava).

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sinum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskirteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem ráðherra hefir bannað með auglýsingu að flytja inn vegna sóthættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum (22. gr.).

#### 2. gr.

Skipstjóri á skipi, sem fer frá útlöndum til Íslands og ætlar sér að hafa samband við land eða landsbúa, en tekur ekki með sér sóttgæzluskirteini (sbr. 1. gr.), skal kynna sér, hvort alvarlegir, næmir sjúkdómar ganga á brottfararstaðnum eða þar í nánd um það leyti, sem hann leggur af stað, og vera við því búinn að láta í té skriflega yfirlýsingu þar að lútandi samkvæmt 8. gr.

‡

#### 3. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri í land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

#### 4. gr.

Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum né farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

## II. KAFLI

### Sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

#### 5. gr.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri), héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri) er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitarstjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Sóttvarnarnefndir og héraðslæknar skulu við framkvæmdir þessara laga, jafnan þegar unnt er, leita sem nánast leiðbeininga landlæknis. Þegar um meiri háttar ráðstafanir er að ræða, skal, ef við verður komið, leita fyrirfram samþykkis ráðherra, og einkum, ef um er að ræða ráðstafanir samkvæmt ákvæðum 3. málsgreinar 8. greinar, 13.—18., 20. og 21. greinar, en tilkynna skal annars tafarlaust allar þess háttar ráðstafanir, sem gerðar eru án slíks samþykkis.

Ráðherra setur að öðru leyti reglur um störf sóttvarnarnefnda.

#### 6. gr.

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, Sóttvarnarhús ríkisins, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu; annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess, og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sé til taks.

Héraðslæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema ráðherra skipi til þess annan lækni.

Ráðherra setur reglur um afnot sóttvarnarhússins.

### III. KAFLI

#### Almenn ákvæði um varnir gegn næmum sjúkdómum.

#### 7. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypta mönnum eða farangri á land á höfn eða hafa önnur mök við land eða menn úr landi, sbr. 3. gr., og skal það þá biða þess, að sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) komi út að skipinu eða út í skipið. Gerir skipstjóri sóttgæzlumanni grein fyrir heilsufari manna á skipinu og leggur fyrir hann sóttgæzlskirteini þess ef til er. Á undan sóttgæzlumanni má enginn fara út í skipið úr landi né frá öðrum skipum, nema hafnsögumaður, ef nauðsyn krefur, og enginn má fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður né sóttgæzlumaður, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða

menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 8. greinar, fyrr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 8. grein.

#### 8. gr.

Nú leggur skipstjóri á aðkomuskipi fram fullgilt sóttgæzluskirteini, og er þess eigi getið í því, og heldur eigi kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins hafi gengið alvarlegur, næmur sjúkdómur. Skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Hafi skipið ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskirteini, skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsingu upp á æru og samvizku um, að honum sé ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eigi eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Ef þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengan skipsins á annan hátt, svo og ef framburður eða vottorð skipstjóra er á einhvern hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og sagt fyrir um, hvernig varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land eða breiðist út. Ef þörf gerist, má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð, þangað til ráðstafanir héraðslæknis hafa verið framkvæmdar. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormecki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingunum sé eigi hætta búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um, að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. greinar að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

#### 9. gr.

Ráðherra getur veitt herskipum, sem hafa lækni, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. greinar, sem ráðlegt þykir og gerlegt eftir atvikum.

### IV. KAFLI

#### Sérstök ákvæði um varnir gegn erlendum sóttum.

#### 10. gr.

Í hvert sinn er áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt hafi gert vart við sig einhversstaðar í útlöndum, og ástæða er til að ætla að

sóttin geti horizt þaðan til Íslands, gefur ráðherra út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef aðeins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra gefur aftur út auglýsingu um hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

#### 11. gr.

Þá er svo ber til:

- 1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. grein, eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskirteini skipsins eða á annan hátt er vissa fyrir eða grunur á, að erlend sótt gangi á;
- 2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkirmenn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;
- 3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkirmenn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, eða vissa fyrir eða grunur á, að skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

#### 12. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr., 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sé til neytt.

#### 13. gr.

Þangað til rannsókn héraðslæknis hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skip, sem svo er ástatt um sem segir í 11. gr. afkvið, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í ennbættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sóttthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða héraðslæknir setur þeim, og má, ef, þörf gerist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

#### 14. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu upp á æru sína og samvizku um að á leiðinni hafi ekki verið í skipinu menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru erlendar sóttir, að hann viti ekki til að skipið geti verið mengað af þeim á annan hátt, og enn fremur að enginn bannaður farangur sé í því, skal þá, ef framburður eða vottorð skipstjóra er á engan hátt tortryggilegt, veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því er skipið hafði síðast mök við sóttmengað byggðarlag eða skip, enda sé ekkert því til fyrirstöðu vegna hinna almennu ákvæða um næma sjúkdóma, sbr. 8. gr.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkt á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er silku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og byggðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

#### 15. gr.

Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur eða grunur um að skipið sé á einhvern hátt mengað erlendum sóttum, og má þá ekki leyfa nein- ar sanngöngur við land, fyrr en skipið hefir verið tryggilega sóttthreinsað og hönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóttthreinsa í skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

#### 16. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða eða skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt, og skal þá, ef unnt er, vísa skipinu tafarlaust til Reykjavíkur, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist. Nú er slíkt skip komið til Reykjavíkur, og skal þá sóttvarnarnefndin þar annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkviuðu, 1) að sjúkir menn, þar með taldir smitberar, séu fluttir í sóttvarnarhúsið, 2) að lík séu flutt í land og jarðsett eða brennd, 3) að skipið sé sóttthreinsað eins og með þarf, 4) að lógað sé hönnuðum farangri, sem ekki er unnt að sóttthreinsa í skipinu, 5) að dýrum, sem í skipinu kunna að vera og breitt geta út sjúkdóminn, sé eytt eða þau gerð skaðlaus, og 6) að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sóttthreinsað eða þeir fluttir í land.

Ef ekki er unnt að vísa skipinu til Reykjavíkur eða þess ekki þörf að dómi

ráðherra, skal sóttvarnarnefndin fara með skipið þar á staðnum eftir ákvæðum þessarar greinar að svo miklu leyti sem unnt er eða eftir nánari fyrirsmælum ráðherra.

#### 17. gr.

Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annarra nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

#### 18. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip, sem virðast vera óheilnæm vegna óþrífnaðar eða af öðrum ástæðum, má fara með þau eftir ákvæðum 16. greinar, þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi. Ef mikill rottugangur er í skipum eða önnur óþrífadýr, má og gera sérstakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipunum. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrífadýra lengra en til næstu hafnar þar sem slík hreinsun er framkvæmanleg.

#### 19. gr.

Ráðherra setur reglur um sóttgreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sóttgreinsun þess og einnig við eyðingu rotta eða annarra óþrífadýra allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

#### 20. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í Reykjavík samkvæmt 12. gr. 2. mgr., en hefir neyðzt til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unnt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

#### 21. gr.

Um strandað skip og bannaðan farangur á því gerir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, skal það látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvornig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu bjögunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

#### 22. gr.

Ráðherra er heimilt, þegar hann gefur út auglýsingu samkvæmt 10. gr., að hanna það jafnframt eða binda skilyrðum, að fluttar séu til landsins frá hinum söttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

#### 23. gr.

Nú gengur influenza einhversstaðar í útlöndum og er þar mjög útbreidd eða illkynjuð, og er ráðherra þá heimilt að gefa út auglýsingu um þá sótt eftir því sem ákveðið er í 10. grein um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja aðra næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt.

Ef svo mikil hættu stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að ekki tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur ráðherra fyrirskipað þessar ráðstafanir, en leita skal þó konungsúrskurðar tafarlaust.

### V. KAFLI

#### Kostnaðarákvæði, refsíákvæði o. fl.

#### 24. gr.

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ná 60 smálestum 4 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum 6 kr. og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, Sóttvarnarsjóð, sem vera skal í vörslum fjármálaráðherra.

#### 25. gr.

Sóttvarnarhús ríkisins í Reykjavík skal útbúa, halda við og endurnýja á kostnað Sóttvarnarsjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr Sóttvarnarsjóði allan legukostnað sjúklinga í húsi þessu, eða annarsstaðar, þar sem þeir kunna að verða einangraðir samkvæmt lögum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir meðan tekjur hans hrökkva, en síðan úr ríkissjóði, að því undanteknu, er hér greinir:

- a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, ennfremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á sólarhring, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkviun er lokið.
- b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt sem þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í sóttvarnarhúsi eða annarsstaðar þar, sem þeir kunna að verða einangraðir



samkvæmt lögum þessum, og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í sóttvarnarhús eða einangraðir annarsstaðar með öðrum sjúkdómi en erlendum.

- c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á Sóttvarnarsjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenska höfn, og álitid verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga þar undir sóttkviun.
- d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu að svo miklu leyti sem það hrekkur til.
- e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljófast, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

Unz safnast hefir í Sóttvarnarsjóð svo að nægi til viðunandi endurnýjunar á núverandi sóttvarnarhúsi ríkisins í Reykjavík, er ráðherra heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af lögum þessum.

#### 26. gr.

Ríkissjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón, á skipi eða farangri, sem leiða kann af lögum þessum.

#### 27. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirskipunum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 50–2000 kr. ef þyngri hegning er eigi við lögð eftir almennum lögum. Þegar gefin hefir verið út auglýsing samkvæmt 10. gr. og sérstakar varnir upp teknar gagnvart erlendri sótt, varða brot gegn ákvæðum laganna þar að lútandi fangelsi (almenn hegningarlög 26. gr.) eða 100–5000 kr. sektum ef miklar málsbætur eru. Sektirnar renna í Sóttvarnarsjóð.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan. Ef eigi þarf að lóga honum, rennur ágóðinn í Sóttvarnarsjóð.

#### 28. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skirteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skirteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkviaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkviun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkviun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi veitast ókeypis.

#### 29. gr.

Ákvæði þessara laga ná til hverskonar loftfara á sama hátt og til skipa, eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri. Gjöld (sbr. 20.

og 21. gr.) af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af yfir 3 hreyfla flugvélum sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

#### 30. gr.

Lög nr. 34, 6. nóvember 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, lög nr. 34, 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum, lög nr. 24, 11. júlí 1911 um sóttgæzluskirteini skipa og lög nr. 31, 20. júní 1923 um lækniskoðun aðkomuskipa eru úr gildi numin, og önnur ákvæði er fara kynnu í bága við þessi lög.

#### 31. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenskuzi, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svó stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send íslenzkum ræðismönnum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

#### 32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir gengið frá frv. þessu og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Hér er um að ræða endurskoðun á löggjöfinni um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Breytingarnar eru að visu margar, en langflestar þess eðlis, að óþarfi er að gera sérstaka grein fyrir þeim, með því að þær leiða af sjálfu sér vegna breyttra tíma og sérstaklega vegna breytinga, sem gerðar hafa verið á aðalsóttvarnarlögum frá 1902 með sérstökum lögum, einkum þeirri breytingu frá 1925, að sóttvarnarhúsin í kaupstöðunum, öðrum en Reykjavík, voru lögð niður, án þess að lögín væru að öðru leyti samræmd við það. Ýmsar breytingar miða og aðeins til þess að gera ákvæði laganna skýrari og þau aðgengilegri.

Þessar breytingar skipta verulegu máli:

I. Úr tölu „erlendra sótta“, sem sérstaklega ströng fyrirmæli gilda um, eru felldar tvær sóttir: mislingar og skarlatssótt. Skarlatssótt er fyrir löngu orðin innlend sótt og um mislinga virðist mega láta nægja þau almennu fyrirmæli, sem hafa gilt um ýmsar tilsvarendi sóttir, og má eftir sem áður taka upp fyllstu varnir gegn þeim, þegar sérstök ástæða er til.

Samkvæmt frumvarpinu er næmum sjúkdómum skipt í þrjá flokka, eftir því hverjar ráðstafanir eru ætlaðar til að verjast þeim:

1. Svonefndar „erlendar sóttir“, sem fyllstu fyrirmæli gilda alltaf um: pest (öðru nafni svartidauði), kólera, bólusótt, dilasótt (öðru nafni útbrotataugaveiki), blóðkreppusótt (þ. e. illkynjuð blóðsótt) og gul hitasótt.

2. Influenza, sem með ráðherraauglýsingu og án konungsúrskurðar má taka í tölu „erlendra sótta“, þegar hún er sérstaklega útbreidd eða illkynjuð, en venjulega er hún í 3. flokki.

3. Allar aðrar næmar sóttir, sem hin almennu ákvæði laganna gilda um. En hverja þá sótt sem er má, ef sérstök hættu er á ferðum, taka í tölu „erlendra“ sótta með konungsúrskurði og til bráðabirgða án hans, ef aðgerðirnar eru aðkallandi.

Með þessum ákvæðum yrðu sóttvarnarlög vor eftir sem áður mjög ströng og raunar strangari en í nágrannalöndunum. Í Danmörku gilda þannig tilsvarendi ákvæði og hér um „erlendar sóttir“ aðeins um pest og kóleru.

II. Samkvæmt sóttvarnarlögunum frá 1902 eru sóttvarnarnefndirnar einráðar um ráðstafanir sínar, jafnvel hinar allra þýðingarmestu og vandasömu, sem óhjákvæmilegt var á þeim tíma, þar sem nefndirnar voru þá, vegna samaleysis og samgönguleysis, einangraðar frá því að geta náð til yfirstjórnar heilbrigðismálanna svo fljótt sem þurft hefði til leiðbeiningar og úrskurðar. Nú er öðru máli að gegna. Fyrir því er skotið inn í 5. grein frumvarpsins ákvæði, sem takmarkar mjög vald nefndanna, þar sem þeim er gert að skyldu að leita jafnan sem nánasta leiðbeininga landlæknis og að gera ekki þýðingarmiklar ráðstafanir án heimildar ráðherra fyrirfram, nema óhjákvæmilegt sé. Miðar þetta að sjálfsögðu til að samræma sóttvarnarráðstafanirnar og tryggja skynsamlega framkvæmd laganna.

III. Með lögunum frá 1925 um læknisskoðun aðkomuskipa var sá háttur tekinn upp að láta lækna fara út í hvert aðskomuskip, hvort sem nokkurt sérstakt tilefni var til þess eða ekki. Slik fyrirmæli gilda ekki annarsstaðar og virðast óþörf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir svipaðri tilhögun og annarsstaðar er höfð til sóttvarnareftirlits með aðkomuskipum og reynst hefir svara tilgangi sinum. Raunar er það fyrirkomulag, sem haft hefir verið hér hin síðustu ár, ekki með öllu hættulaust. Höfuðtryggingin er, að skipstjórnarnir finni til ábyrgðar sinnar og taki sem bezt eftir heilsufari á skipum sínum á leiðinni, en hætt er við, að það dragi úr ábyrgðartilfinningu þeirra að vita, að læknir kemur jafnan út í hvert skip og á í orði kveðnu að skoða allt skipið og hvern mann. Að hinu leytinu er hætt við, að læknarnir venjist á að líta á þetta eftirlit aðeins sem síðasakir, vitandi, að það er ekkert annað í flestum tilfellum, og séu fyrir það ekki eins fyllilega á verði í þau fáu skipti, sem ástæða væri til, og ef þeir væru aðeins tilkallaðir, þegar grunur er um sótt-hættu. Fjöldi lækna er óánægður með þetta fyrirkomulag og hafa margir óskað eftir breytingu á því. Af skipum og siglingum hingað til lands er létt ekki óverulegri kvöð, með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, því að víða fylgja því ekki litil ómök að ná í lækni út í aðskomuskip og geta leitt af því verulegar tafir.

IV. Jafnframt því sem hinn almennu skylduskoðun læknis yrði létt af aðkomuskipum, er gert ráð fyrir því, að gjald skipanna fyrir eftirlitið verði fært niður um helming frá því sem verið hefir undanfarið, og því aðeins greiði skipin fullt gjald eins og áður, að læknir verði tilkallaður. Er og gert ráð fyrir því, að hið venjulega skoðunargjald renni í sérstakan sjóð, Sóttvarnarsjóð, sem varið sé til þess að standast kostnað af sóttvörnum gegn útlöndum. Þó er ætlað til, að heimilað verði að greiða þennan kostnað eins og hingað til úr rikissjóði, þangað til safnazt hefir í Sóttvarnarsjóð nægilegt

fé til að endurnýja sóttvarnarhúsið hér í Reykjavík, sem er aðkallandi. Þegar fullt gjald er greitt, er gert ráð fyrir, að helmingurinn renni til læknisins, sem framkvæmir hið sérstaka eftirlit.

V. Í 18. grein er heimilað að gera ráðstafanir til varnar því að rottur og önnur óþrifadýr berist í land úr skipum eða til að eyða slíkum óþrifum úr skipum.

VI. Með sérstakri grein (29. gr.) er loftförum komið undir ákvæði laganna eftir því sem við getur átt.